

Ársfundur Úrvinnslusjóðs 2022

Ávarp stjórnarformanns Magnúsar Jóhannessonar

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson, ágætu fundarmenn nær og fjær.

Það er mér sönn ánægja að vera með ykkur hér í dag á ársfundi Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóður fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli en stofnunin tók til starfa 1. janúar 2003. Framundan eru talsverðar breytingar í starfsemi Úrvinnslusjóðs með nýjum áherslum. Ég tel að Úrvinnslusjóður hafi staðið sig vel í því verkefni sem sjóðurinn hefur haft og að framlengd framleiðendaábyrgð hafi leitt ýmislegt jákvætt af sér í meðhöndlun úrgangs þó enn megi margt betur gera í úrgangsmálum hér á landi.

Ég mun í máli mínu víkja að nýjum áherslum í starfsemi Úrvinnslusjóðs og starfi stjórnar við undirbúning að þeim breytingum, en framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs mun fara yfir starfsemi og afkomu sjóðsins hér á eftir.

Um næstu áramót koma til framkvæmda lög sem samþykkt voru á Alþingi í júní á sl. ári og hafa það megin markmið að styðja við hringrásarhagkerfið í meðhöndlun og meðferð úrgangs. Með lögnum verða jafnframt verulegar breytingar á framlengdri framleiðendaábyrgð. Í fyrsta lagi mun framleiðendaábyrgð ná til fleiri úrgangsflokka en áður og í öðru lagi skal Úrvinnslusjóður í störfum sínum miða að því að styrkja hringrásarhagkerfið fyrir þann úrgang sem framleiðendaábyrgð tekur til. Nýir vöruflokkar sem munu falla undir framleiðendaábyrgð eru málm-, gler- og viðarumbúðir, auk þess sem gerðar eru auknar kröfur um endurvinnslu ökutækja. Orkuskiptin koma einnig með nýjar áskoranir sem munu skapa ný verkefni á þessu sviði

eins og til dæmis meðhöndlun drifrafhlaðna sem bera munu framleiðendaábyrgð.

Endurvinnsla og endurnýting úrgangs er lykilatriði í hringrásarhagkerfinu, en urðun úrgangs er víkjandi aðferð. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur á þessu ári tekið ákvarðanir um að hætta greiðslu fyrir urðun úrgangs sem vandalaust á að vera að endurvinna. Góð dæmi um það eru hjólbarðar og heyrúlluplast. Ein af forsendum hagkvæmrar endurvinnslu úrgangs er flokkun úrgangs þar sem hann verður til. Því taka gildi nú um áramótin ákvæði um flokkun úrgangs á heimilum og ákvæði um sérstök ílát eða tunnur fyrir pappa og plast við heimili, en söfnun úr þessum ílátum mun falla undir framlengda framleiðendaábyrgð. Úrvinnslusjóður mun því greiða fyrir söfnun úr þessum ílátum. Liggur fyrir gjaldskrá fyrir söfnun á úrgangi sem ber framleiðendaábyrgð frá heimilum, söfnun í grenndargáma og á söfnunarstöðvum. Gjaldskráin er byggð áætlunum um kostnað og verður fylgst vel með framkvæmdinni í upphafi og gjaldskráin stillt af ef raunkostnaður reynist annar en gert var ráð fyrir. Áætlaður kostnaður er mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða söfnun úrgangs í þéttbýli eða dreifbýli. Úrvinnslusjóður verður því tilbúinn að greiða sveitarfélögnum kostnað við sérstaka söfnun úrgangs sem ber framleiðendaábyrgð frá og með næstu áramótum.

Það hefur eðlilega farið mikill tími hjá starfsfólki Úrvinnslusjóðs og stjórn á þessu ári í að undirbúa þessar umfangsmiklu breytingar, sem margar hverjar hefur þurft að hanna alfarið frá grunni, og á sama tíma að styrkja starfsemi sjóðsins. Stuðningur Úrvinnslusjóðs við hringrásarhagkerfið kallar á ýmsar breytingar eins og betri upplýsingagjöf um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs. Til að geta metið árangur í hringrásarhagkerfinu þarf Úrvinnslusjóður að hafa áreiðanlegar upplýsingar um afdrif úrgangs, endurvinnslu og endurnýtingu. Aukin krafa á þjónustu- og ráðstöfunaraðila um að gefa

Úrvinnslusjóði nákvæmar upplýsingar um magn og endanleg afdrif úrgangs er nauðsynleg og liggja nú fyrir stjórn tillögur að nýjum skilmálum fyrir þessa aðila. Rekjanleiki úrgangs og gagnsæi í starfsemi Úrvinnslusjóðs verða grundvallaratriði í hringrásarhagkerfinu.

Árangur í endurvinnslu mun að mörgu leyti ráðast af því hvernig heimili og fyrirtæki standa sig í flokkun úrgangs. En auk þess munu framleiðendur þurfa að huga að því að vara þeirra og umbúðir henti sem best til endurvinnslu. Ef vara eða umbúðir eru óendurvinnanleg þá mun flokkun vörunnar litlu skipta fyrir megintilgang hrimgrásarhagkerfisins. Það verður því jafnframt verkefni Úrvinnslusjóðs að beita sínum verkfærum til að hvetja framleiðendur til að huga enn betur að endurvinnanleika vörunnar. Þar munu m.a. þrepaskipt gjöld í framtíðinni verða gulrót og kúskur gagnvart framleiðendum vöru sem fellur undir framleiðendaábyrgð.

Mikilvægt er að almenningur og fyrirtæki geti fylgst með árangri Úrvinnslusjóðs í hringrásarhagkerfinu og sömuleiðis upplýsingum um magn úrgangs í einstökum úrgangsflokkun. Endurvinnsla úrgangs er enn sem komið er lítil hér á landi og lang stærstur hluti þess úrgangs sem hér verður til er sendur úr landi til endurvinnslu og/eða endurnýtingar. Það gefur auga leið að aukin endurvinnsla hér á vöruflokkum Úrvinnslusjóðs mundi auðvelda Úrvinnslusjóði yfirsýn í því verkefni sem framundan er og jafnframt skapa ný störf. Til að bæta aðgengi að upplýsingum um starfsemi Úrvinnslusjóðs er undirbúningur að því að taka upp stafræna vinnslu á öllum stigum í Úrvinnslusjóði vel á veg kominn.

Á þessu ári hefur farið fram umfangsmikil utanaðkomandi rýni á starfsemi Úrvinnslusjóðs. Annars vegar stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og hinsvegar vinna starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði til að skoða stöðu og fyrirkomulag

framleiðendaábyrgðar hér á landi í samanburði við hliðstætt fyrirkomulag í nágrannalöndum. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom út í ágúst kom fram með ýmsar ábendingar sem sneru m.a. að aukinni gagnsæi í starfsemi sjóðsins og bættan rekjanleika, hvort tveggja atriði sem unnið hefur verið að og ég hef vikið að áður. Um önnur atriði sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar liggur fyrir tímasett áætlun um framfylgd. Það er afar gagnlegt fyrir sjóðinn, líkt og aðrar opinberar stofnanir að fá vandaða rýni og ábendingar og er skýrslan þannig mikilvægur hlekkur í að gera starfsemi sjóðsins enn betri en áður.

Skýrsla starfshóps ráðherra kom út í síðasta mánuði og hefur stjórn Úrvinnslusjóðs því ekki haft tæk á því að ræða efni skýrslunnar. Ég vil þó nota tækifærið og þakka ráðherra frumkvæðið að því að skipa starfshópin. Eins og ég nefndi hér í upphafi hefur Úrvinnslusjóður starfað í 20 ár og hefur starfað með allt öðru fyrirkomulagi en þekkt í nágannalöndum okkar. Þær breytingar sem nú eru að verða á megin markmiðum í starfsemi Úrvinnslusjóðs eru þess eðlis í mínum huga að ekki er sjálfgefið að það fyrirkomulag sem hér hefur verið og gengið að mörgu leyti vel henti alls kostar til framtíðar. Í skýrslu starfshópsins er m.a. vikið að því. Núverandi fyrirkomulag sem byggir á því úrvinnslugjöld eru innheimt af skattinum, þýðir að allar grundvallarákvarðanir í rekstri Úrvinnslusjóðs þurfa að fara fyrir Alþingi. Það fyrirkomulag er eðli málsins samkvæmt svifaseint og kann að verða erfitt í framkvæmd þegar sjóðurinn þarf að fara að beita þrepaskiptum gjöldum svo eitthvað sé nefnt. Einnig kom fram í skýrslunni að staða sjóðsins sem stjórnvalds getur haft í för með sér að hraði ákvarðana ráðist af þeim vörðum sem stjórnarsýslulög setja þeim. Ég tel því mikilvægt að þær hugmyndir sem fram eru settar í skýrslu starfshópsins verði skoðaðar sem fyrst og framtíðar fyrirkomulag framlengdrar framleiðendaábyrgðar hér á landi verði ákveðin í samráði við framleiðendur.

Ágætu fundarmenn, ég hef nú í stuttu máli farið yfir þær breytingar sem eru að koma til framkvæmda í starfsemi Úrvinnslusjóðs og hvernig stjórn og starfslið hefur unnið að því að ná sem bestum árangri í innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Ég vil þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir samstarfið á árinu og þá miklu og flóknu vinnu við undirbúning þeirra breytinga sem nú eru að verða í starfsemi Úrvinnslusjóðs. Sú vinna hefur vissulega tekið á stundum. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki og framkvæmdastjóra sjóðsins fyrir þeirra miklu vinnu á árinu og ómetanlegan stuðning við stjórnina, en eins og við vitum er skrifstofa sjóðsins ekki stór og því hefur sú fámenna skrifstofa sannarlega lyft grettistaki við undirbúning að breytingum um næstu áramót, breytingum sem við erum á meðal fyrstu þjóða í Evrópu að innleiða. Ég vil einnig þakka Gunnari Bragasyni, sem býr yfir einstakri reynslu og þekkingu á þessu sviði, fyrir gagnlega vinnu fyrir stjórn við áætlun á kostnaði við sérstaka söfnun.

TAKK FYRIR